

4. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn þriðjudaginn 12. maí 2015 kl. 20:15 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt voru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Ingólfur Benediktsson Árnesi 2, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnesi 2, Elísa Ösp Valgeirsdóttir Árnesi 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Dagskrá:

1. Seinni umræða um Ársreikninga 2014.
2. Gjaldskrá Árneshrepps: Norðurfjarðarhöfn, Félagsheimili, gisting í skóla, vetrargisting í kaffihúsi, sorphirðugjöld
3. Fyrirspurn um leiguhúsnæði
4. Hækkun á gjaldskrá heilbrigðiseftirlits, kynning.
5. 2 umsóknir um styrki
6. Bókun Sveitastjórnar Reykhólahrepps – kynning
7. Samþykkt um umgengni og þrifnað utanhúss á starfssvæði heilbrigðisnefndar
8. Innkaup vegna kaffihúss – vantar ýmislegt

1. Ársreikningur Árneshrepps vegna ársins 2014, seinni umræða og var ársreikningurinn samþykktur og undirritaður.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 47,2 millj.kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A-hluta 44,7 millj.kr. Álagningarhlutfall úrsvars var 14,52% sem er lögbundið hámark.

Álagningahlutfall fasteignaskatts nam 0,625% í A-flokki sem er lögbundið hámark, í B-flokki nam álagningarhlutfall 1,32% sem er lögbundið og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,65% sem er lögbundið hámark.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt ársreikningi A og B hluta var jákvæð um 214 þúsund kr. og í A hluta jákvæð um 40 þúsund kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2014 nam 73,4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 76,4 millj.kr.

2. Gjaldskrá Árneshrepps rædd. Ákveðið var að gefa 10% afslátt af gistingu í Finnbogastaðaskóla eftir þrjár nætur. Fast verð verður á leigu á Félagsheimili en það verður framvegis aðeins leigt með þrifum á kr. 45.000 kr. Fyrir styttri samkomur s.s. fundi 10.000 kr. Oddviti mun afla nánari upplýsingar vegna gjaldskrár Norðurfjarðarhafnar. Vetrargisting í kaffihúsi verður óbreytt. Sorphirðugjöld hefur þegar verið hækkuð um 5%.

3. Fyrirspurn um leiguhúsnæði í Árneshreppi. Ekki er leiguhúsnæði á lausu í hreppnum og ekki vitað til að það verði á næstunni.
4. Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða vegna hækkunar á gjaldskrá heilbrigðiseftirlitsins lagt fram til kynningar.

100

5. Styrkumsóknir ræddar og ákveðið að styrkja Jón Guðbjörn Guðjónsson um 40.000 vegna fréttamiðilsins Litla Hjalla og Claus Sterneck um 20.000 vegna STEYPU ljósmyndasýningar í Djúpavík.
6. Bókun Sveitastjórnar Reykhólahrepps tekin til kynningar.
7. Samþykkt um umgengni og þrífnað utanhúss á starfssvæði heilbrigðisnefndar tekinn til fyrri umræðu.
8. Innkaup vegna kaffihúss. Ákveðið var að oddviti muni fara yfir þau mál og sjá um innkaup.
9. Ákveðið var að taka til umfjöllunar flugsamgöngur í Árneshrepp í sumar þó það mál hafi ekki verið á auglýstri dagskrá. Ákveðið var að fara þess á leit við Vegagerðina að samgöngum í Árneshrepp verði sinnt með einhverjum hætti t.d strætó í sumar á meðan flugvöllurinn á Gjögri verður lokaður vegna malbikunar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 21:40